



Áskorun Hagsmunasamtaka heimilanna á Alþingi

Hagsmunasamtök heimilanna skora á Alþingi að nema lög nr. 151/2010 tafarlaust úr gildi og taka þau til endurskoðunar fyrir áætluð þinglok, 9. júní 2011. Á lögunum eru alvarlegir meinbugir, með þeim afleiðingum að innheimta banka og sparisjóða á endurútreiknuðum lánum brýtur í bága við meginreglur kröfuréttar, neytendaverndar og jafnvel stjórnarskrá, auk þess sem fullkomin óvissa ríkir um réttmæti laganna samkvæmt reglum evrópska efnahagssvæðisins og þeim Evróputilskipunum sem hafa verið innleiddar í íslensk lög.

Þá er með öllu óviðunandi að fjármálafyrirtækjum hafi verið gert kleift á grundvelli laga nr. 151/2010 að útfæra hvert um sig sína eigin endurútreikninga á lánum. Geti jafn margar aðferðir rúmast innan laganna og raun ber vitni er ógjörningur að skera úr um réttmæti þeirra. Sýnir það glögg markleysu þessarar lagasetningar að hvorki Lagastofnun Háskóla Íslands né Háskólans í Reykjavík hafa séð sér fært að veita álit um rétta túlkun laganna og í úttektum óháðra sérfræðinga hafa komið fram skiptar skoðanir.

Meginregla í íslenskum kröfurétti er að lánveitendum sé óheimilt að beita afturvirkum innheimtuaðgerðum á kostnað lántakenda. Þá er réttur neytenda skýr í landslögum og Evróputilskipunum gangvart ógagnsæjum viðskiptaháttum og torskildum lánasamningum. Í báðum tilvikum er um frumforsendu þess að ræða að almenningur geti gætt lögvarinna hagsmuna sinna. Vandséð er hvernig lög nr. 151/2010 geti gert einstaklingum mögulegt að standa skil á réttum greiðslum af lánum sínum, en lög sem gera kröfu um ómöguleika eru ekki aðeins vafasöm frá sjónarmiði mannréttinda heldur beinlínis móðgun við heilbrigða skyngsemi.

Með vísan í gögn frá Talsmanni neytenda (<http://talsmadur.is/Pages/57?NewsID=1429>) og Umboðsmanni skuldara (<http://www.ums.is/um-umbodsmann/umsagnir-um-thingmal/nr/266>) er enn fremur ljóst, að innheimta fjármálafyrirtækja á grundvelli laga nr. 151/2010 á ólöglegum gengistryggðum lánum er ekki aðeins ámælisverð heldur er þar rökstutt hvernig hún er ólögleg. Þess má geta að talsmaður neytenda lagði til við viðskiptanefnd Alþingis að leitað yrði til ESA áður en lögin yrðu samþykkt. Umboðsmaður skuldara rökstuddi svipaða afstöðu í umsögn sinni um málið - þ.e. að lögin stæðust ekki Evrópureglur um neytendarétt og lagðist gegn því að skuldurum yrði í kjölfar endurútreiknings gert að sæta hækkun á eftirstöðvum höfuðstóls, eða eftir atvikum gert að greiða bakreikning t.d. vegna þegar efndrar skuldbindingar. Þá má minna á að **talsmaður neytenda hvatti Hæstarétt formlega í bréfi sl. haust að leita ráðgefandi álits frá EFTA-dómstólum um hvort breyta mætti samningum neytenda eftirá** - til þess að tryggja að Evrópureglur um neytendavernd yrðu virtar.

Í stað þess að leitast við að vanda til við lagasetningu og bæta það tjón sem ólögleg gengistryggð lán hafa valdið viðskiptavinum þeirra, er þvert á móti reynt að hafa mest mest fé út úr þeim með vægast sagt vafasömum hætti.

Hagsmunasamtök heimilanna hafa nú sent kvörtun til ESA er varða umrædd lög og telja samtökin að stöðva beri ólögmetta innheimtu fjármálafyrirtækja á grundvelli laga nr. 151/2010 nú þegar. Á meðan endurskoðun umræddra laga fari fram verði fjármálafyrirtækjum gert skylt að hverfa frá allri innheimtu og innheimtuaðgerðum er þau varða.